

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2019
UST201907-093/A.B.B.
08.14.00

Matsskyldufyrirspurn – Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. Endurvinnsla. Umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að rífa niður/endurvinna togarann Orlik í aðstöðu á iðnaðarsvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf. í Njarðvíkurhöfn.

Í greinargerð með matskyldufyrirspurninni er fjallað um framkvæmdarlýsing, staðhætti, skipulag, undirbúning, spilliefni sem eru til staðar, hráefni og úrgang sem mun falla til, endurvinnslufarvegi, mengunarvarnir, verktíma og frágang. Þá er fjallað um þau leyfi sem þarf til verksins.

Úrgangur sem fellur til vegna niðurrifsins er einkum brotajárn, asbestos, pappi, plast, frauðeinangrun og olía ásamt öðrum spilliefnum eins og lýst er í greinagerð. Meginhætta við framkvæmdina er í formi olíu- og efnamengunar. Þá er umtalsvert magn af asbestos í togaranum sem ber að meðhöndla sérstaklega og vinna skv. fyrirmælum Vinnueftirlits. Þá er fjallað um umhverfisáhrif skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá árinu 2005. Fjallað er um áhrif á jarðveg, sjó, öryggi og hávaða, auk samráðs sem haft verður við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllunin gefi góða mynd af hugsanlegum umhverfisáhrifum og þeim mótvægisáðgerðum sem ætlunin er að beita. Þá mun stofnunin koma til með að setja framkvæmdinni ítarleg skilyrði komi til útgáfu starfsleyfis. Þá yrði eftirlit með starfseminni skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Telur stofnunin að sé vandað til undirbúnings, framkvæmdar og frágangs er ekki líklegt að starfsemin muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi til viðbótar við núverandi starfsemi í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. og ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 4. október 2018 um matsskyldu á niðurrifi skipsins í Helguvík.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfallst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri